

Undirrituð mótmæli ég, að mannanafnanefnd verði lögð niður, þar sem það er meira en þörf á að hafa slíka nefnd fólki til leiðsagnar, þótt ekki sé annað. Að öðru leyti vísa ég til meðfylgjandi greinar minnar, sem birt var í Morgunblaðinu 4. júlí 2016, þegar frumvarpið kom fyrst á dagskrá, og segir allt, sem segja þarf varðandi þetta mál, enda ekki sama, hvað fólk fær að heita, og þarf jafnvel að líða fyrir slíkt alla ævi.

Með vinsemd og virðingu,

Guðbjörg Snót Jónsdóttir, guðfræðingur og fræðimaður, Víðimel 76,  
107 Reykjavík,  
Iceland, Europe.

## Guðbjörg Snót Jónsdóttir:

### Um mannanöfn og ónefni.

Nú stendur til að fara að afnema lög um mannanöfn, hvað sem það á nú að þýða. Í umræðum um þetta mál kom mér í hug sögukennari minn í MR, Sveinn Skorri Höskuldsson, sem átti það til að segja við nemendur sína, að þeir skyldu nefna börn sín eftir hinum og þessum persónum Íslandssögunnar. Einu sinni var hann að segja okkur frá aðdraganda kristnitökunnar hér á landi og gíslatöku Noregskonungs í því sambandi. Einn þeirra gísla, sem teknir voru, hét Svertingur Runólfsson. Þá sagði Sveinn Skorri við eina bekkjarsystur mína, sem hann var að spyrja út úr um atburðinn: „Ef þér eignist einhvern tíma myndarlegan son, þá skuluð þér láta hann heita Sverting.“ Öðru sinni var Sveinn Skorri að tala um Órækju Snorrason (Sturlusonar), og sagði þá: „Ef einhver ykkar eignast einhvern tíma myndarlegan son, þá skuluð þið láta hann heita Órækju.“ Náttúrulega átti þetta að vera grín, því að jafnvel þótt einhver okkar hefði reynt að fá því framgengt, að drengirnir væru skírðir þessum nöfnum, þá stórefast ég um, að það hefði verið hægt, eða presturinn hefði viljað það. Ég minnst þess líka, að þegar ég sagði frá þessu síðara heima fyrir, þá sagði móðir mín: „Af hverju ekki að eignast strák og stelpu og láta þau heita Humar og Rækju?“ Ég stórefast um, að nokkru okkar hefði dottið það í hug eina mínútu, að þetta gæti orðið raunhæfur möguleiki í framtíðinni, sem virðist nú vera í auglýsni, ef fram heldur sem horfir. Af hverju ætti líka íslenska þjóðin ekki vilja láta börnin sín heita í höfuðið á þeim fiskum, sem finnast innan landhelginnar og færa okkur björg í bú og milljónir í ríkiskassann, þeim til heiðurs, eins Batmann, Supermann eða hvað annað? Kannske maður eigi nú eftir að sjá í símaskránni nöfn eins og Þorskur og Humar Makrílssynir, Rækja og Ýsa Hákarlsdætur, eða einhver hávaxin stelpa væri látin heita Langa og letiblóðið Skata! Væri það svo út í hött eða að jafnvel fröken Lína langsokkur gæti eignast nöfnu í framtíðinni? Hitt er svo annað mál, hvort nokkrum dytti það í hug í alvöru, en það gæti gerst, þó að spurning sé, hvort vígð skólasystkini mín og kollegar kærðu sig um að þurfa að skíra börn þessum nöfnum. Ég er heldur ekki viss um, að blessuð börnin yrðu mjög hrifin af að þurfa að drattast með þvílík nöfn í gegnum allt lífið. Þó að faðir minn hafi verið sjómaður og foringi sjómanna um langan aldur, einnig fisksali um tíma, og haldið mikið upp á blessaða fiskana okkar, þá efast ég um, að hann hefði viljað láta börnin sín heita eftir þeim, og hefði fundist það furðulegt, ef afkomendur hans hefðu getað látið skíra börnin sín fiskanöfnum, ef þeim dytti það í hug.

Ég minnst þess líka, að ein frænka mín vildi láta dóttur sína heita Friðsemd eftir langömmunni, en fékk það ekki, nema það væri annað nafn, og það þurfti að fara í manntöl langt aftur í aldir til þess að athuga, hvort nafnið fyrirfyndist nokkurs staðar þar, svo að það fengist samþykkt. Það hefur líka verið skopast með það, að ein vestfirsk stúlka var látin heita Fimmsumtrína, vegna þess að hún fæddist fimm dögum fyrir trinitatis eða þrenningarhátíð. Á síðustu öld, meðan kommúnisminn var vel við lýði, var algengt, að börn voru látin heita eftir byltingarforingjunum. Móðir mín sagði mér frá því, þegar hún var eitt sumar gjaldkeri í Karfavinnslunni á Sólbakka við Öundurarfjörð. Þegar kom að launaútgreiðslum, þá kom þar ungur maður, sem sagðist aðspurður heita Karl Marx, svo að móðir mín hélt hann væri að atast í sér og spurði, hvort hann vildi ekki koma með Engels, Lenin, Stalín og alla hina, en

hann sagðist heita þetta, þótt ég viti til þess, að hann hafi alltaf skrifað sig fyrra nafninu einu sér.

Ég staðhæfi líka, að eineltið og stríðnin í skólum landsins er nógu mikið fyrir út af alls kyns hlutum, stórum sem smáum, þótt ekki verði nú farið að stríða blessuðum börnunum okkar út af nöfnunum, sem þau bera og snúið út úr þeim, svo að nöfnin yrðu þeim hin mesta áþján, sem ég kannast svo sem við út af mínu síðara nafni, sem er þó hátíð hjá öðrum nöfnum, sem börn framtíðarinnar gætu þurft að heita, og ég geti svo sem ekki kvartað. Ég mundi a.m.k. ekki öfunda þann strák í skóla, sem þyrfti að heita Þorskur, enda vita allir, að sá er yfirleitt nefndur þorskur og jafnvel þorskhaus, sem þykir ekki vaða í vitinu. Gæti einhver hugsað sér að láta son sinn heita þvílíku nafni? Það held ég varla.

Menn skyldu því skoða málið vandlega, áður en mannanafnanefnd verður aflögð með öllu, og fólk getur látið börnin sín heita, hvað sem hverjum dettur í hug, og þau gætu verið lögð í einelti fyrir vikið, svo að viðkomandi foreldrar iðrist gerða sinna í þeim efnum. Það verður ekki aftur tekið. Mér finnst því mjög misráðið að leggja af allt aðhald í þessum efnum, og vona, að þingmenn hafi vitið meira og leggi ekki mannanafnanefndina alfarið niður, því að það þarf vissulega að hafa eftirlit með þessu, ef ekki á illa að fara, og hið mesta óráð að hleypa þessu með öllu frjálsum.

**Höfundur er guðfræðingur og fræðimaður.**

Greinin birtist í Morgunblaðinu 4. júlí 2016.